

# **ELDI Á SENEGALFLÚRU VIÐ REYKJANESVIKRJUN HS ORKU, REYKJANESBÆ STOLT SEA FARMS**

## **Ákvörðun um matsskyldu**

### **NIÐURSTAÐA**

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að eldi á senegalflúru (*Solea senegalensis*) í strandstöð, á vegum Stolt Sea Farm, við Reykjanesvirkjun HS Orku í Reykjanesbæ, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Reykjanesbæjar skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 7/1998 og reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir athugun Reykjanesbæjar á því hvort endurskoða þurfi ákvæði aðalskipulags eða nánari útfærsla mannvirkja í rammaskipulagi og breyttu deiliskipulagi iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi í samræmi við ákvæði aðalskipulagsins. Breyting á deiliskipulagi er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Stolt Sea Farm og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 21. júní 2011.

## INNGANGUR

Þann 11. apríl 2011 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Stolt Sea Farm um fyrirhugað eldi á senegalflúru (*Solea senegalensis*) í strandstöð við Reykjanesvirkjun HS Orku í Reykjanesbæ samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 1 g í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Reykjanesbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Matvælastofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Reykjanesbæ með bréfi dags. 6. maí 2011, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 29. apríl 2011, Matvælastofnunar með bréfi dags. 19. apríl 2011, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 4. maí 2011 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 11. maí 2011. Frekari upplýsingar bárust frá Stolt Sea Farm með bréfi er barst 13. maí 2011.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Í tilkynningu Stolt Sea Farm kemur fram að fyrirtækið fyrirhugi að hefja eldi á senegalflúru (*Solea senegalensis*) í strandstöð við Reykjanesvirkjun HS Orku. Blandað verði saman 35°C frárennslisvatni Reykjanesvirkjunar við 9°C kaldan sjó, sem dælt yrði úr borholum, til að tryggja kjörhita fisksins 19-22 °C allt árið. Í byrjun yrði reist seiðaeldisstöð sem gæti framleitt allt að 2 milljónir 10 gramma seiða á ári, er byggði á hrygningarstofni sem fluttur yrði úr stöðvum fyrirtækisins á Spáni. Byggð yrði stöð til áframræktunar með allt að 500 tonna framleiðslugetu. Á seinni stigum væri möguleg stækkun í allt að 7,2 milljónir seiða og 2.000 tonna framleiðslu sem yrði endanleg og ákjósanleg stærð er næðist á 5-7 árum. Áætlaður lífmassi í kerum miðað við 2.000 tonna ársframleiðslu yrði um 850 tonn.

Fram kemur að fyrirhugað sé að flytja inn seiði og hrygningarstofn fá fiskeldisstöð fyrirtækisins á Spáni að uppfylltum ákvæðum laga nr. 54/1990 um innflutning dýra. Slátrun muni fara þannig fram að fiskurinn verði snöggkældur á ís og hvorki látið blæða út né meðhöndlaður á annan hátt, þannig að úrgangur verði enginn.

**Staðsetning og mannvirki.** Fram kemur að framboð á miklu magni af heitu vatni sé forsenda þess að valið sé að staðsetja eldisstöðina við Reykjanesvirkjun HS Orku auk nálægðar við alþjóðaflugvöll og útskipunarhafnir. Aðalskipulag Reykjanesbæjar geri einnig ráð fyrir fiskeldi á svæðinu sem skilgreint sé sem iðnaðarsvæði. Húsnæði til þökkunar á fiski og mannaflí sé einnig nægilegt í nágrennabyggðum.

Gert sé ráð fyrir að fiskeldisstöðin verði byggð á mótis við sjótökuholur Reykjanesvirkjunar og sunnan frárennslisstokks virkjunarinnar. Í upphafi verði flatarmál bygginga um 22.000 m<sup>2</sup> en fullbyggðar stöðvar um 70.000 m<sup>2</sup>. Byggingar einkennist af bogadregnum þökum eldiskeranna er nái um 6 m hæð, vegghæð um 4 m.

**Vatnsöflun.** Fram kemur að gert sé ráð fyrir að fullbyggð stöð þurfi um 2000 l/s af 35°C heitu vatni frá Reykjanesvirkjun og um 2000 l/s af 9°C heitum jarðsjó. Stefnt sé að því að fá jarðsjóinn úr þremur borholum og er kynnt staðsetning tveggja svæða fyrir grannar könnunarholur en þriðji möguleikinn væri við sjótökuholur orkuversins sem henti ekki vegna fjarlægðar. Nærri ströndinni gæti áhrifa af heitu affallsvatni frá

orkuverinu í efstu lögum grunnvatns og þyrfti því að taka jarðsjóinn af meira dýpi en lengra frá ströndinni.

### **Áhrif á umhverfi**

**Áhrif á lífríki sjávar.** Fram kemur að gert sé ráð fyrir að frárennsli fari í frárennslisstokk orkuversins en e.t.v. þurfi að hækka veggi hans þegar magn frárennslis verði komið í hámark. Magn svifagna í venjulegum sjó sé 2-10 mg/l, geti farið upp í 40 mg/l í miklu ölduróti en frárennsli fiskeldisstöðvarinnar muni einungis hækka það um 1-3 mg/l. Vegna þynningar affallsvatnsins muni magn fosfórs, ammóníaks og niturs einungis verða 0-2 mg/l. Vegna blöndunar í heitt affallsvatn virkjunarinnar sem sé um 75°C, en gæti lækkað í 35-40 °C að lokinni stækkun virkjunarinnar og vegna efnasamsetningar þess, munu allar lífverur í affallsvatninu drepast.

**Áhrif á jarðmyndanir og landslag.** Fram kemur að framkvæmdavæðið sé þakið nútímahrauni er njóti verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, sé innan svæðis á Náttúrminjaskrá og tilgreint sem svæði til friðlýsingar í Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Heildarstærð lóðar verði tæplega 9 ha og talið að rask á öröskuðu hrauni innan lóðar muni verða mikið. Vegna mishæða í landi er talið að mannvirki muni ekki sjást víða að frá þjóðvegi, en verði nokkuð sýnileg frá Reykjanesvita og Reykjanesvirkjun.

**Áhrif á gróður og fugla.** Fram kemur að gróðurþekja sé rýr í sandorpnu hrauni og þar séu ekki plöntur á váliða eða sjaldgæfar plöntur, en gróður muni hverfa á því svæði sem raskast við mannvirkjagerð. Framkvæmdasvæði sé utan megin varpsvæða fugla en einhver truflun sé möguleg vegna umferðar og hávaða á framkvæmdatíma.

**Áhrif á menningarminjar.** Fram kemur að fornleifar hafi verið skráðar í nágrenni framkvæmdasvæðisins þar sem sé vörðuð leið á milli Reykjanes og Hafna, en engar minjar séu þekktar innan framkvæmdasvæðisins.

**Áhrif á landnotkun.** Fram kemur að áhrif á útivist og ferðamennsku, sjónræn og hávaði, kunni að verða nokkur á framkvæmdatíma en aðgengi að strönd og gönguleiðum verði tryggt. Sjónræn áhrif kunni að verða nokkur.

**Áhrif við lokun.** Fram kemur að verði rekstri hætt muni öll mannvirki verða fjarlægð og eftir standi malarplan sem muni gróa upp með tíð og tíma eða verði mögulega nýtt fyrir aðra starfsemi.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Fram kemur að framkvæmdin sé í innan iðnaðarsvæðis samkvæmt Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 er einnig geri ráð fyrir fiskeldi á svæðinu.

## **ÁLIT UMSAGNARADILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARADILA**

**Almennt.** Reykjanesbær, Fornleifavernd ríkisins, Matvælastofnun, Hafrannsóknastofnunin og Umhverfisstofnun telja að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

**Áhrif á núverandi landnotkun.** Reykjanesbær bendir á að samkvæmt aðalskipulagi Reykjanesbæjar sé gert ráð fyrir fiskeldi á þeim stað þar sem fyrirhugað eldi sé áformað.

**Áhrif á vistkerfi sjávar.** Hafrannsóknastofnunin telur engar líkur á því að úrgangsefni valdi hættulegri ofauðgun í strandsjó vegna góðrar fóðurnýtingar, tiltölulega lágs hlutfalls fóðurleifa, brims og strauma við ströndina.

Matvælastofnun bendir á að frárennsli fari saman við vatn með hitastigi er drepi örverur og þekkta sjúkdómsvalda og tryggi þar með skaðleysi gagnvart umhverfi og náttúrulegum fiskistofnum í nágrenni fyrirhugaðrar eldisstöðvar.

Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð framkvæmdaraðila séu áhrif frárennslis talin verða óveruleg. Miðað sé við að frárennsli frá fiskeldinu muni eingöngu hækka magn svifagna (úrgangur og saur úr kerum) í bunustokksvatninu um 1-3 mg/l og að magn fosfórs, ammóníaks og níturs vegna fóðrunar muni eingöngu mælast 0-2 mg/l sökum góðrar fóðurnýtingar og mikillar þynningar í bunustokknum. Stofnunin bendir í þessu sambandi á að í viðmiðunarskýrslu BAT "*Beste tilgjengelige teknikker (BAT) for fiskeoppdrett i Norden*" frá árinu 2005 kemur fram að u.þ.b. 52% af köfnunarefni og 63% af fosfór úr fóðri endi í umhverfinu ef miðað er við fóðrunarstuðulinn 1,04.

Umhverfisstofnun bendir á að þrátt fyrir mikla þynningu frárennslis frá eldinu í bunustokki sé hugsanlegt að sýnileg áhrif í fjörunni komi fram vegna uppsöfnunar lífræns úrgangs. Í fylgiskjali 1 með reglugerð um fráveitur og skólþ nr. 798/1999 komi fram að við útrás þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka megi ekki vera útfellingar, froða eða önnur sýnileg áhrif. Við gerð starfsleyfis þurfi að skoða frárennsli frá fyrirhuguðu eldi sérstaklega og gera kröfur um aukna tíðni og umfang vöktunar í fjörunni frá því sem nú er á vegum Reykjanesvirkjunar, svo hægt verði að meta hvort ástæða verði til að hreinsa fráveituvatnið eftir því sem eldið vaxi. Með því megi koma í veg fyrir hugsanleg neikvæð áhrif frárennslisins á umhverfið.

Þá bendir Umhverfisstofnun á að til að drepa bakteríur og veirur þurfi hitastig að lágmarki að vera yfir 121°C, sem sé mun hærra en verði í affallsvatni Reykjanesvirkjunar, sem verði í fyrstu 75 °C og síðar 35-40 °C. Því þurfi að greina frá aðferð/aðferðum til að koma í veg fyrir slíkt smit út í íslenska náttúru. Einnig er bent á að þegar sótt er um leyfi til innflutnings á senegalflúru séu sett þau skilyrði að fram hafi farið áhættumat skv. sbr. 5. gr. lag nr. 54/1990 um innflutning dýra, sem felist í því að meta eigi m.a. hættu á því hvort viðkomandi tegund geti sloppið út í umhverfið og þá hvaða áhrif það kunni að hafa á lífríkið.

Í svörum framkvæmdaraðila vísar hann til fylgiskjals er lýsir úttekt sem gerð var á svæði fyrir framan frárennsli eldisstöðvar Stolt Sea Farm í Kvinesdal og sýni dæmi um lítil sem engin áhrif á vistkerfið í nágrenni útrásarinnar. Ennfremur er vísað til umsagnar Bernharðs Laxdal, dýralæknis og fisksjúkdómafræðings, dags. 13. maí 2011, vegna umsagnar Umhverfisstofnunar. Þar kemur fram að niðurstöður í greinargerð hans um smithættu vegna fyrirhugaðra eldisáforma Stolt Sea Farm byggi ekki á dauðhreinsun affallsvatns frá stöðinni. Matið byggi á raunhæfu ferli sem verði viðhaft við innflutning eldistegundar til landsins að loknu smithættumat í sóttkví, eftirfylgni með með sjúkdómaathugunum o.fl atriðum sem lögð verða til grundvallar leyfi til flutnings úr sóttkví. Hann vísar til þess að framkvæmdaraðili hafi lýst fyrirbyggjandi atriðum er lúta að því að lágmarka óheppileg umhverfisáhrif

eldisstöðvarinnar. Í niðurstöðu ítrekar hann fyrra álit sitt um að væntanlegt eldi senegalflúru við Reykjanesvirkjun skapi ekki smithættu umfram annað fiskeldi hérlandis, sé öllum kröfum varðandi innflutning eldisstofnsins fylgt í þaula og almennar smitvarnir í hávegum hafðar.

Framkvæmdaaðili telur mjög ólíklegt að senegalflúra í kerum á landi geti sloppið úr þeim eða í gegnum net í frárennislögnum en ef það gerðist, myndi fiskurinn deyja samstundis í bunustokk affallsvatnsins. Þá er bent á að hitastig sjávar við Reykjanesvirkjun fari niður í 5°C gráður yfir vetrarmánuðina, sem þýði að fiskurinn myndi ekki lifa af, auk þess sem hann er háður fæðu á grunnum sandströndum, ormum og litlum skeldýrum sem ekki sé til staðar í nágrenninu.

**Áhrif á jarðmyndanir.** Umhverfisstofnun bendir á að eldhraun njóti sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og að forðast skuli rask á þeim eins og kostur er. Ljóst sé að fyrirhugað sé að slétta eldhraun og umbylta landi á 7 ha svæði í tengslum við fiskeldið og vegna borunar sjótökuhola þar fyrir utan og að slíkt rask á eldhrauni hljóti að valda þar verulegum neikvæðum og óafturkræfum áhrifum. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að kanna hvort að hægt sé að staðsetja mannvirki utan hrauna eða á svæðum þar sem hrauni hefur þegar verið raskað.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að hann fellst á þá athugasemd að áhrif framkvæmda á jarðmyndanir verði neikvæð, en telur að þar sé um staðbundin áhrif að ræða innan byggingarreits. Bent er á að framkvæmdasvæðið sé innan svæðis sem samkvæmt aðalskipulagi Reykjanesbæjar sé afmarkað sem blandað svæði fyrir iðnað og opið svæði til sérstakra nota. Nokkur vinna hafi verið lögð í athugun á staðarvali fyrir fiskeldisstöðina. Helstu þættir sem höfðu áhrif á staðarval voru nálægð við Reykjanesvirkjun þaðan sem heitur sjór komi til eldisins, bunustokkur sem frárennslí verði leitt í og staðsetning sjótökuhola. Ekki þurfi að leggja veg að eldisstöðinni þar sem fyrir sé vegur frá gamalli tíð.

**Áhrif á landslag og útivist.** Umhverfisstofnun bendir á að ekki sé lagt mat á sjónræn áhrif, hvorki einkenni né vægi áhrifa. Ljóst megi vera að þrátt fyrir að mesta hæð fyrirhugaðra mannvirkja verði ekki meiri en 7 metrar verði umfang mannvirkja mikið og ekki minna en mannvirkja Reykjanesvirkjunar. Stofnunin telji að búast megi við að talsverð neikvæð áhrif verði á útivist á svæðinu og þar með á samfélag.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að mannvirki verði hvorki háreist né í áberandi litum og muni hafa nokkuð neikvæð en staðbundin og afturkræf áhrif. Mannvirki Reykjanesvirkjunar séu í nálægð við fyrirhugaða framkvæmd og því talið að fiskeldisstöðin muni ekki draga að sér athygli frekar en þau mannvirki sem fyrir eru. Varðandi útivist og ferðamennsku er tekið undir að einhver tímabundin áhrif verði af völdum vinnuvéla og umferðar vegna framkvæmda.

**Áhrif á gróður.** Umhverfisstofnun bendir á að meta ætti áhrif á gróður á framkvæmatíma verulega neikvæð og staðbundin en þó afturkræf vegna þess að landi innan lóðar verður umbylt við framkvæmdir.

Í svörum framkvæmdaraðila er tekið undir að áhrif á gróður innan framkvæmdasvæðisins vera verulega neikvæð en staðbundin og afturkræf. Utan lóðar séu áhrif á gróður hins vegar talin óveruleg.

**Áhrif á menningarminjar.** Fornleifavernd ríkisins bendir á að framkvæmdasvæðið hafi ekki verið skoðað sérstaklega með tilliti til fornleifa og þurfi að fá fornleifafræðing til að skrá þar fornleifar. Kynna þurfi Fornleifavernd ríkisins niðurstöður og ef í ljós komi að fornleifum stafi hættu af framkvæmdinni þurfi að hlíta þeim kröfum um mótvægisáðgerðir sem stofnunin kann að setja.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að þegar ákvörðun Skipulagsstofnunar liggir fyrir verði fornleifafræðingur fenginn til að skoða framkvæmdasvæðið og skrá fornleifar og hlítt hugsanlegum fyrirætlunum Fornleifaverndar ríkisins.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða eldi á senegalflúru (*Solea senegalensis*) í strandstöð, á vegum Stolt Sea Farm, við Reykjanesvirkjun HS Orku í Reykjanesbæ. Nýta á frárennslisvatn Reykjanesvirkjunar og sjó úr borholum til að tryggja kjörhita fiskisins 19-22 °C, allt árið. Í byrjun verður reist seiðaeldisstöð með framleiðslugetu allt að 2 milljónir seiða á ári og eldisstöð með allt að 500 tonna ársframleiðslu. Mögulega mun eiga sér stað frekari stækkun á nokkrum árum, í allt að 7,2 milljónir seiða og 2.000 tonna ársframleiðslu. Áætlaður lífmassi í kerum miðað við 2.000 tonna ársframleiðslu verður um 850 tonn.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1 g í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Hlutverk Skipulagsstofnunar í þessu máli er að taka ákvörðun um hvort fyrirhugað fiskeldi Stolt Sea Farm, við Reykjanesvirkjun HS Orku, kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. Við slíka ákvörðun ber Skipulagsstofnun m.a. að hafa til viðmiðunar atriði sem tilgreind eru í 3. viðauka laganna. Þar er m.a. tilgreint að skoða beri eðli framkvæmdar, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar.

Skipulagsstofnun telur að í umræddu máli beri helst að taka mið af eðli fyrirhugaðs eldis það er hvort innflutningur og eldi á nýrri tegund kunni að hafa áhrif á vistkerfi við strönd landsins og hugsanlegri mengun af völdum affallsvatns. Ennfremur þarf að taka mið af staðsetningu framkvæmdasvæðisins sem er á nútímahrauni og í nágrenni fjölsóttis ferðamannastaðar. Hins vegar er ljóst að mannvirki fiskeldisins verða ekki á svæði þar sem gróður er sérstæður eða verulegt eða sérstakt fuglalíf.

Skipulagsstofnun telur að í fram lögðum gögnum sé sýnt fram á að ekki séu líkur á að eldi á senegalflúru í kerum á landi hafi í för með sér hættu á að hún sleppi og lifi í sjó hér við land. Búnaður á frárennsli, netsíur og hitastig vatns sem mun blandast frárennsli frá eldinu geri það að verkum að fiskurinn sleppi ekki lifandi út í sjó og ef svo færi myndi hann drepast vegna kulda sjávar. Stofnunin telur einnig, með tilvísun í umsögn Matvælastofnunar og álit Bernharðs Laxdal, að sýnt sé fram á að eldi senegalflúru skapi ekki smithættu umfram annað fiskeldi hérlendis, sé öllum kröfum varðandi innflutning eldisstofsins fylgt í þaula og almennar smitvarnir í hávegum hafðar. Skipulagsstofnun telur því að áhrif eldisins á náttúrulega fiskistofna í nágrenni fyrirhugaðrar eldisstöðvar verði óveruleg.

Skipulagsstofnun telur að í fram lögðum gögnum sé gerð nægjanleg grein fyrir fódrun og úrgangsefnum í frárennsli. Stofnunin tekur undir það álit Umhverfisstofnunar að

hugsanlegt sé að sýnilegra áhrifa gæti í fjöru við útrás frárennslis vegna uppsöfnunar lífræns úrgangs, þó það sé ekki líklegt vegna brims og strauma. Skipulagsstofnun tekur undir það álit Hafrannsóknastofnunarinnar að engar líkur séu á því að úrgangsefni valdi hættulegri ofauðgun í strandsjó vegna góðrar fóðurnýtingar, tiltölulega lágs hlutfalls fóðurleifa, brims og strauma við ströndina. Stofnunin tekur undir með Umhverfisstofnun um að þörf kann að vera á að auka tíðni og umfang vöktunar í fjörunni frá því sem nú er á vegum Reykjanesvirkjunar og mun Umhverfisstofnun væntanlega setja það í starfsleyfi fiskeldisstöðvarinnar. Verði það gert getur það tryggt að hægt sé að meta hvort ástæða verði til að hreinsa fráveituvatnið eftir því sem eldið vex og koma í veg fyrir hugsanleg neikvæð áhrif frárennslisins á umhverfið, sem ekki hafi verið séð fyrir. Skipulagsstofnun telur líkur á því að fiskeldið valdi ofauðgun í strandsjó séu óverulegar.

Í framlögðum gögnum kemur fram að framkvæmdasvæðið er á nútímahrauni er nýtur verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og í lögunum kemur fram að forðast skuli rask á nútímahraunum eins og kostur er. Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdin mun hafa í för með sér að umbylt verði og sléttað um 7 ha af eldhrauni og telur að kanna eigi möguleika á að staðsetja mannvirkin utan hrauna eða á svæðum þar sem hrauni hefur þegar verið raskað. Helstu rök framkvæmdaraðila fyrir staðsetningu framkvæmdarinnar eru nálægð við Reykjanesvirkjun þaðan sem heitur sjór fáist til eldisins, bunustokkur sem frárennslí verði leitt í, staðsetning sjótökuhola og samræmi við aðalskipulag Reykjanesbæjar.

Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Umhverfisstofnunar og telur að þar sem framkvæmdin hefur í för með sér sléttun á um 7 ha af ósnortnu hrauni muni hún hafa veruleg neikvæð og óafturkræf áhrif á eldhraun. Skipulagsstofnun telur því að skoða þurfi fyrirhugaða framkvæmd nánar í skipulagsferli, áður en framkvæmdaleyfi verður veitt, með tilliti til eftirfarandi tilvísana í greinargerð Aðalskipulags Reykjanesbæjar 2008-2024.

Í kafla 3.2.1. segir m.a. um núverandi iðnaðarsvæði: „*Lítt- eða ósnortnu hrauni verði haldið í því ástandi og þess gætt að raska ekki landi að óþörfu. Hönnun mannvirkja taki mið af þessu sérstaka umhverfi og gildi það um byggingar, lagnir og vegi eða slóða. Uppbygging mannvirkja verði innan þess svæðis sem nú er skilgreint sem iðnaðarsvæði en ekki dreift um stækkað iðnaðarsvæði. Innan þess hluta nýs orkuvinnslusvæðis sem er utan núverandi iðnaðarsvæðis takmarkast framkvæmdir fyrst og fremst við borholur og lagnir. Fyrirkomulag og staðsetning skal taka mið af ásýnd og þar sem það á við skulu lagnir grafnar í jörðu.*“

Í kafla 7, segir um afgreiðslu aðalskipulagstillögunnar segir m.a.: „*Iðnaðarsvæðið var minnkað á þann hátt að blönduð landnotkun er nú skilgreind á svæðinu, þ.e. iðnaður (orkuvinnsla) og útivistarsvæði til sérstakra nota. Þá var einnig skerpt á þeim kvöðum sem gilda um mannvirki á svæðinu, sem verða svo útfærðar enn frekar í rammaskipulagi og deiliskipulagi, en þannig er gerð skýrari grein fyrir því hvernig jarðhitánýting, ferðamennska og náttúruvernd getur farið saman.*“

Í kafla 3.8. segir um landbúnaðarsvæði og fiskeldi, að gert sé ráð fyrir að fiskeldi sé mögulegt innan orkuvinnslusvæðisins á Reykjanesi.

Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun að fyrirhuguð mannvirki fiskeldisstöðvarinnar kunni að hafa talsverð neikvæð sjónræn áhrif vegna umfangs og

hæðar bygginga. Stofnunin telur að óvíst sé hvort það muni hafa neikvæð áhrif á umferð ferðamanna.

Skipulagsstofnun telur að innan framkvæmdasvæðisins verði staðbundin neikvæð áhrif á gróður og fugla, en þar sem hvorki sé um að ræða sérstæðan eða samfelldan gróður né fjölda fugla verði áhrifin óveruleg.

Skipulagsstofnun tekur undir kröfu í umsögn Fornleifaverndar ríkisins um að fornleifafræðingur þurfi að fara um svæðið til að skrá þar fornleifar og fara að mótvægisáðgerðum sem stofnunin kann að krefjast.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Stolt Sea Farm við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að eldi á senegalflúru (*Solea senegalensis*) á vegum Stolt Sea Farm við Reykjanesvirkjun HS Orku, sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Reykjanesbæjar skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 7/1998 og reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir athugun Reykjanesbæjar á því hvort endurskoða þurfi ákvæði aðalskipulags eða nánari útfærsla mannvirkja í rammaskipulagi og breyttu deiliskipulagi iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi í samræmi við ákvæði aðalskipulagsins. Breyting á deiliskipulagi er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Stolt Sea Farm og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 21. júní 2011.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson